

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskupsins, 79
um breytingu á sóknaskipun. 19. des.

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dags. 6. f. m., um að jarðirnar Fjall, Útverk, Framnes og Ósabakki í Skeiðahreppi, en í Skálholtssókn, megi hjer eftir teljast til Ólafsvallasóknar, skal yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til birtingar fyrir hlutaðeigendum, að ráðuneytið samkvæmt tillögum yðar samþykkir þessa breytingu á sóknaskipuninni, enda samþykki næsti hjeraðsfundur hana.

AUGLÝSING

um

80
17. des.

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hjer með staðfest eftirfarandi

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir

Hafnarfjarðarkaupstað.

I. KAFLI.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppbot eða óspektir ekki eiga sjer stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sje fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða er ætlað til almennings afnota, svo sem leikvellir, torg, bryggjur, bólvirki o. s. frv.